

# Eiður Ágúst Gunnarsson

† Eiður Ágúst Gunnarsson var fæddur 22. febrúar 1936. Hann lést 15. júní 2013 á Landspítalanum í Fossvogi. Eiður var sonur hjónanna Elínar Valdimarsdóttur, f. 1912, d. 1998 og Gunnars Hálfánarsonar, f. 1909, d. 2001. Systur Eiðs eru Helena Marín, f. 1934, d. 1974, Arnfríður Halla, f. 1937 og Mjöll, f. 1954.



metz. Árið 1966 fór Eiður til náms hjá Konservatorium der Stadt Köln, Óperudeild, í Þýskalandi, þar sem aðalkennari hans var Robert Blasius. Einnig sótti Eiður söngtíma hjá hinum heimsfræga tenórsöngvara

Helge Rosvaenge, sem starfaði og bjó í München. Eftir námið í Köln starfaði Eiður frá 1970 til 1973 við óperuna í Düsseldorf, síðan lá leiðin í óperuna í Linz í Austurríki. Hann var svo ráðinn til Óperuhússins í Aachen þar sem hann starfaði frá 1974 til 1987. Þá flutti Eiður ásamt fjölskyldu sinni heim til Íslands og starfaði þar síðan meðan heilsan leyfði. Eiður söng nokkur hlutverk við Þjóðleikhúsið og Íslensku óp-

keyrði um langan veg til að tefla í skákkfélagi í Belgíu handan við landamæri. Skákin létta Eiði mjög lífið í langvinnum veikindum síðustu ár. Til marks um elju og dugnað Eiðs sneri sér að golfþróttinni með Lucindu og tóku þau það svo sannarlega með trompi. Samhent náðu þau hjónin framförunum og frábærum árangri í golfinu. Eiður sýndi þar á sér nýja hlið þar sem hann varð opnari og tengdist mörgum golffélögum nánnum vináttuböndum. Síðustu árin var unun að sjá Eið halda áfram að leika leikinn sinn illa haldinn af einkennum Parkinsons. Félagarnir nutu að sjá hann leika listir sínar þrátt fyrir þennan annmarka. Eiður keypti sér golfbíl til að geta haldið áfram. Já, ekkert gat stöðvað hann.

Eiður var fagaður söngvari og starfaði í Düsseldorf, Linz og lengst í Aachen. Eftir giftusaman ferli flutti þau Lucinda heim

Við minnumst með trega mágs og vinar Eiðs Ágúst Gunnarssonar. Kynni okkar hófust þegar þau Lucinda og Eiður giftu sig árið 1966 en í framhaldi af því fór Eiður til söngnáms í Þýskalandi. Lucinda fylgdi í kjölfarið með syni sínum Grími Inga og af því varð landfræðilegur aðskilnaður næstu 20 árin en það stóð ekki í vegi fyrir að við áttum góðar stundir saman með gagnkvæmum heimsóknum. Í raun urðu kynni okkar af Eiði enn nánari með því okkar á myndarlegu heimili þeirra Lucindu í Köln og svo í Aachen.

Eiður var hægur og yfirvegaður maður. Sáum við fljótt að hvað sem hann tók sér fyrir hendur gerði hann af mikilli elju og vandvirkni. Við fræddumst um afrek hans á unga aldri í íþróttum, ekki með því að hann héldi því á lofti heldur þegar við bárum saman bækur okkar um líf okkar og viðhorf. Skákþróttina stundaði Eiður alla tíð og

eruna, einnig á meðan hann starfaði erlendis, en helgaði sig að mestu söngkennslu bæði við Söngskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Eiður kom einnig fram á einkatónleikum og söng fjölda sönglaga í Ríkisútvarpinu. Árin 1983 og 1984 söng hann fyrir Ríkisútvarpið lagaflokkana „Svanasöngur“ (Schwanengesang) eftir Franz Schubert og „Ástir skálds“ (Dichterliebe) eftir Robert Schumann á íslensku í þýðingu Daníels Á. Daníelssonar við undirleik Ólafs Vignis Albertssonar. Upptök þessar komu út á geisladiskum árið 2010.

Á yngri árum var Eiður afreksmaður í frjálsum íþróttum og jafnframt öflugur skákkmaður. Þá sneri hann sér fyrir um 25 árum að golfþróttinni og náði þar mjög góðum árangri eins og í öðru sem hann tók sér fyrir hendur. Skákina stundaði hann alla tíð og allt til þess að lagðist rúmfastur fyrir um fjórum mánuðum.

Útför Eiðs Ágúst fer fram frá Fossvogskirkju í dag, 24. júní 2013, og hefst kl. 13.

ásamt Grími Inga árið 1987. Þá sneri Eiður sér að söngkennslu við Söngskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hann söng líka hlutverk í Þjóðleikhúsinu og í Íslensku óperunni og söng fjölda sönglaga í Ríkisútvarpinu. Það er til marks um vinsældir Eiðs að margir nemendur hans tóku sig til og héldu tónleika honum til heiðurs á 75 ára afmæli hans.

Fyrir 2 árum réðst Eiður í það stórvirki að kaupa af RUV upp-tök sínar frá fyrri árum og gaf út tvo geisladiska í einu umslagi. Titill diskanna var „Svanasöngur“ og má leggja dýpri merkingu í það enda þótt meginefnið hafi verið „Schwanengesang“ eftir Franz Schubert. Þá kom okkur á óvart þegar Eiður sýndi okkur þykkt handrit af ljóðum sem hann hafði ort í frístundum en þeim hafði hann ekki líkað frekar en öðru sem hann gerði. Við vissum að hann átti gott með að yrkja en að hann ætti þennan fjársjóð kom á óvart. Hann gaf þessi ljóð út í fyrri með dyggri aðstoð Lucindu og þar með má segja að Eiður hafi kvatt þennan heim með hreint borð.

Síðustu árin sýndi Eiður á sér nýja hlið, varð miklu ræðnari og opnari. Með þessu urðu kynni okkar enn dýpri og nánari. Hann sýndi mikið æðrulleysi og þrek fram á síðustu stund. Við erum full af þakklaeti fyrir að njóta trygðar og vin-

áttu Eiðs. Far þú í friði, góði vinur.

Almar Grímsson og Anna Björk Guðbjörnsdóttir.

Okkar líf er ekkert grín, alltaf sama rokið, nú hefur andans orkan mín út í buskann fokid.

Þannig orti Eiður Ágúst Gunnarsson í kvæðinu „Tilveran“ í febrúar árið 2003. Þá var hann farinn að finna fyrir sjúkdómnum sem lagði hann að velli laugardaginn 15. júní 2013. Þótt honum hafi á þeim tíma fundist andans orkan fokin út í buskann lætur hann eftir sig falleg kvæði í ljóðabókinni „Í sólinni“ eftirlifendum til ómæðrar gleði og ánægju. Innviðir listamanns eru margslungnir og Eiður orti ekki bara ljóð og teffli skák heldur bar falleg bassarödd hann á vængjum söngsins til Austurríkis og Þýskalands í fylgd yndislegur eiginkonu, Lucindu Grímsdóttur og Gríms Inga sem Eiður gekk í föðurstað.

Þau hjónin og Grímur voru mér afar nær, allt frá því að ég kynntist þeim vegna starfs míns við Ríkisóperuna í Aachen þar sem Eiður söng einnig. Fallega heimilið þeirra í Aachen-Richterich varð eiginlega mitt annað heimili og athvarf Íslendinga sem þar dvöldu við nám eða vinnu. Þau hjónin voru mjög samhent, en ólík. Eiður bláeygður og ljós yfirlitum, ihugull og rólegur, Lucinda dökk á brún og brá, skörp og skemmtileg.

Eiður var orðinn mjög veikur en hugurinn leifrandi þegar við Rafn vorum í síðasta heimboði þeirra hjóna. Eiður lék af öllum mætti á pianóíð söngva sem hann hafði útsett fyrir bassarödd með fallettri rithönd af mikilli smekkvísi og kunnáttu. Sú mynd af honum verður ætíð greypt í huga mér. Hann hafði svo mikið að gefa en sem betur fer eru til góðar hljóðritanir af söng hans handa komandi kynslóðum. Eiður kvaddi mig með því að gefa mér nótnasafnið sitt og auðmjúk mun ég geyma það og segja söngnemendum mínum frá góðum dreng og söngvara sem það einu sinni átti.

Votta ég Lucindu, syni þeirra Grími Inga, fjölskyldu, vinum og vandamönnum samúð mína og fjölskyldu minnar. Blessuð sé minning góðs vinar.

Anna Júlíana Sveinsdóttir.

● Fleiri minningargreinar um Eið Ágúst Gunnarsson bíða birtingar og munu birtast í blaðinu næstu daga.

# Niels Maríus Blomsterberg

† Niels Maríus Blomsterberg fæddist í Reykjavík 15. janúar 1927. Hann lést á hjarta-deild Landspítalans 9. júní 2013. Foreldrar hans voru Frederik A. Hans Blomsterberg, fæddur í Helsingör 6. október 1898, d. 23.



dóttur, f. 30. desember 1959. Þau eiga 6 börn og 9 barnabörn. 4) Birgir Bogi, f. 8. nóvember 1960, kvæntur Bryndísi Halldóru Jónsdóttur, f. 4. mars 1961. Þau eiga 3 börn og 9 barnabörn. 5) Sesselja María, f. 29. sept-

ember 1949 og AnneLise Blomsterberg, fædd í Nörresundby 2. nóvember 1902, d. 14. mars 1997. Albróðir Maríusar var Hans Blomsterberg, f. 9. ágúst 1928 í Reykjavík, d. 8. september 2005. Hálfræður Maríusar, samfedra, eru: Bjarni Blomsterberg, f. 17. febrúar 1917 og Andrés Blomsterberg, f. 25. júní 1918, d. 16. apríl 1997. Maríus kvæntist 9. maí 1953 Maríu Þórhildi Óskarsdóttur, f. 18. júní 1931, d. 21. maí 2009. Foreldrar hennar voru Sesselja Þórðardóttir, f. á Gerðhólmrum í Dýrafirði 11. desember 1892, d. 16. desember 1972 og Óskar Arnason, f. á Hvaleyri í Garðasókn 12. október 1894, d. 19. febrúar 1986. María átti tvo bræður og eina systur sem öll eru látin. Maríus og María eignuðust sex börn. Þau eru: 1) Emma Þórunn, f. 18. apríl 1950, gift Ómari Kristvínssyni, f. 9. maí 1950. Þau eiga þrjú börn, 7 barnabörn og 2 barnabarnabörn. 2) Óskar Árni, f. 17. október 1954, d. 1. janúar 1983. Óskar var í sam-búð með Þórdísi Sigfúsdóttur, f. 3. júní 1964. Óskar átti 2 börn, 1 stjúp dóttur og 1 barnabarn. 3) Niels Maríus, f. 18. mars 1957, kvæntur Sigrúnu Hafsteins-

ember 1963, gift Gunnsteini Halldórssyni, f. 9. ágúst 1959. Þau eiga 2 börn og 1 barnabarn. 6) Sonur fæddur í nóvember 1965, lést fimm dögum síðar.

Maríus eða „Blommi“ eins og hann vildi gjarnan láta kalla sig, ólst upp í Reykjavík. Faðir hans rak sláturhús og kjötvinnslu að Klömburum í Reykjavík sem nú er þekkt sem Klambratún við Kjarvalsstaði. Hann lærði þar, af lærimeistararum föður sínum, kjötiðnaða sem hann vann við alla sína starfsævi. Hann var einn af stofn-félögum Félags íslenskra kjötiðnaðarmanna (FÍK) árið 1947 og var gerður að heiðursfélaga árið 1977. Einnig var hann í sveinsprófsnefnd og prófdómari í iðninni til margra ára. Blommi starfaði á ýmsum stöðum við fagfyrir en lengst af við kjötvinnslu Kron í Brautarholti, kjötvinnslu Goða við Kirkjusand og síðar við sína eigin kjötvinnslu, Kjöt & álegg, sem hann svo síðar seldi. Eftir það kom hann við á nokkrum stöðum, m.a. Meistararum, uns hann lét af störfum, þá kominn á aldur.

Útför Maríusar verður frá Bústaðakirkju í dag, 24. júní 2013, kl. 13.

Þabbi okkar, ættarhöfðinginn, er sofnður svefninum langa og verður nú lagður til hinstu hvílu við hlíð mómmu.

Þabbi var litríkur, skondinn og stór karakter. En þabbi var umfram allt yndislegur og ljúfur og með risastórt hjarta, sem rúmaði alla hans ástvíni og ekki síst þá sem að minna máttu sín. Það samferðafólk hans sem hann vissi að átti eitthvað minna af veraldlegum gæðum gat oft reitt sig á stuðning hans á einn eða annan hátt. Sjálfur var hann ekkert ríkur á fé, en hann átti nóg fyrir okkur og rúmlega það og þannig varði hann sínum auði. Að gefa þeim sem minna áttu.

Það er gott veggast að alast upp við það að gleyma ekki þeim sem minna eiga og rétta hjálparhönd ef hægt er.

Þabbi var kröftugur maður og fór stundum hratt yfir, en ekki þegar kom að börnunum þá var nægur tími. Þabbi var sögumaður mikill og fannst ekkert leiðinlegt að gera góða sögu betri með leikrænum tilburðum, svipbrigðum ofl.

Þabbi var kjötiðnaðarmeistari af Guðs náð og var afar fær á sínu sviði og gifurlega metnaðargjarn fyrir hönd iðnarrinnar. Þar voru fáir honum fremri.

En við megum til með að nefna eitt atriði sem hann var ekki jafn góður í. Hann var ekki besti ökumaður í heimi! Hann eignaðist sinn fyrsta bíl ekki fyrr en 47 ára gamall og var því ekki mjög vanur ökuþór. Oft fór hann með okkur í bíltúr og átti það til að keyra með hvítu punktalínurnar á milli dekkjanna. Þegar honum var bent á að drifa sig yfir á réttan vegarhelming þá glotti hann og sagði að þessar línur væru sérstaklega gerðar til þess að hafa á milli hjóllanna. Þá kom fyrir að hann renndi yfir á rauðu ljósi, óvart að sjálfsögðu og þegar hann uppskar skammir

og allt varð vitlaust í bílnum, var hann fljótur að svara og segja að rauði liturinn væri miklu fallettri en sá græni. Rætt væri nefnilega VALS-liturinn! Það þarf varla að taka fram að hann var mikill Valsari.

Þabbi elskaði óperutónlist og átti stórt safn af klassískri tónlist. Sú tónlist er ríkur partur af æsku okkar systkina.

Þabbi var með græna fingur og var alltaf að bæta og breyta garðinum og aldrei var garðurinn eins, tvö ár í röð. Nágrannarnir göntuðust oft með það að engu líkara væri að trén hans Blomma væru með tær því hann var ótrúlega duglegur við að færa trén sem sum voru ekki neinar smáspírur.

En þabbi fékk líka sinn skammt af sorginni. Ekkert fer eins illa með foreldri og að missa barn og það á eins svipleigan og ósanngjarnan hátt og í þessu tilfelli. Þann harm tókst honum í raun aldrei að yfirstíga. En með tímanum tókst honum að halda honum til hlíðar, enda heldur lífið áfram og því ber að lifa á þann besta hátt sem maður getur þó að högginn séu þung. Það gerði hann.

Við viljum þakka þessum einstaka manni, sem þabbi okkar var, allt það sem að hann hefur gert fyrir okkur í gegnum tíðina. Alla hans velvilð, umhyggju, öryggi og ást. En umfram allt þökkum við honum fyrir lífið sem hann gaf okkur, ásamt mómmu. Þau grófu minningar í hjörtu okkar.

Megi þau bæði hvíla í friði. Við elskum ykkur að eilífu. Verið Guði geymd.

Emma, Hans, Birgir og Sesselja.  
Meira: [mbl.is/minningar](http://mbl.is/minningar)

● Fleiri minningargreinar um Niels Maríus Blomsterberg bíða birtingar og munu birtast í blaðinu næstu daga.



Föðurbróðir okkar,

**SIGURÐUR JÓHANNSSON**  
frá Hnappavöllum í Öræfum,  
Víkurbraut 29, Höfn, Hornafirði,



lést á hjúkrunardeild Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands föstudaginn 14. júní sl. Útför hans fer fram frá Hofskirkju í Öræfum þriðjudaginn 25. júní og hefst athöfnin kl. 14.00.

**Ingunn Jónsdóttir,**  
**Gisli Sigurjón Jónsson,**  
**Jóhann Þorsteinsson,**  
**Halldór Þorsteinsson.**

**Guðrún Jóhanna Jónsdóttir,**  
**Kristbjörg Jónsdóttir,**  
**Pálína Þorsteinsdóttir,**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdadóttir, systir og mágkona,

**GUÐLAUG BRYNJARSÐÓTTIR,**  
Reykjafold 9, Reykjavík,



lést mánudaginn 17. júní. Hún verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 26. júní klukkan 13:00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið, stuðningsmiðstöð.

**Gunnar Steinþórsson,**  
**Brynjar Þór Gunnarsson,**  
**Friður Björnsdóttir,**  
**Lilja G. Sigurðardóttir,**  
**Björn Brynjarsson,**  
**Júlíus Brynjarsson,**  
**Kristín Brynjarsdóttir,**  
**Guðrún Brynjarsdóttir,**  
**Halldór Brynjarsson,**  
**Anna Sigríður Brynjarsdóttir,**  
**Katrín Brynjarsdóttir,**  
**Sigurður I. Steinþórsson.**

**Sindri Freyr Gunnarsson,**  
**Brynjar Júlíusson,**  
**Steinþór Ingvarsson,**  
**Þóra Hreinsdóttir,**  
**Pétur Óskarsson,**  
**Skúli Skúlason,**  
**Guðrún Þórðardóttir,**  
**Halldór Grétar Einarsson,**  
**Hjörleifur Steinsson,**



Elskuleg mamma okkar,

**GUÐRÚN ÞÓRÐARDÓTTIR**  
**SKOWRONSKI,**  
Hrafnistu, Reykjavík,

lést á heimili sínu föstudaginn 21. júní.

Henry, Systa, Sigga, Tekla og Jane.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BENEDIKT GUÐJÓN BENEDIKTSSON,**  
Tjarnarbraut 9, Bildudal,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar fimmtudaginn 20. júní. Útförin fer fram frá Bildudalskirkju 27. júní kl. 14:00.

**Guðrún Jakobína Jónsdóttir,**  
**Ragnheiður K. Benediktsdóttir,**  
**Jón Brands Theódórs,**  
**Elínborg A. Benediktsdóttir,**  
**Páll Ágústsson,**  
barnabörn og barnabarnabörn.

